tíma er óheimilt að selja hann eða afhenda öðrum, farga eða breyta á einn eða annan hátt. Þegar varningi er veitt móttaka til sölu skal hann þegar skráður og verðmerktur.

6. gr.

Heimilt er ráðherra með reglugerð að ákveða að skrá skuli haldin um allan varning sem veitt er viðtaka til endursölu, hvort sem hann er keyptur eða tekinn til umboðssölu.

Í þessa skrá skulu færðar ýmsar upplýsingar um söluhlut, svo sem tegundarheiti, seljanda, söludag o. s. frv.

7. gr.

Sá, sem verslun rekur samkvæmt lögum þessum, skal jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu gamals eða notaðs varnings. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda varnings um persónuskilríki.

Óheimilt er að kaupa eða veita móttöku varningi til endursölu frá þeim sem yngri er en 16 ára.

Seljandi bifreiðar skal sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins að hann sé skráður eigandi hennar.

8. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá ákvæðum 5. gr. laga þessara.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1979.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Svavar Gestsson.

Nr. 62. 31. maí 1979.

LÖG

um landflutningasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist landflutningasjóður. Hlutverk sjóðsins er að veita stofnlán til kaupa á vöruflutningabifreiðum, er eiga að annast vöruflutninga á langleiðum og fyrir dreifbýli, og til nauðsynlegra bygginga, sem eru í beinum tengslum við slíka flutningastarfsemi.

2. gr.

Landflutningasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og lýtur yfirstjórn samgönguráðherra. Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Þar af er einn skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt skipaður formaður sjóðsstjórnar.

Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum:

a) Einn fulltrúi tilnefndur af Framkvæmdastofnun ríkisins.
b) Einn fulltrúi tilnefndur af Landvara, landsfélagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

3. gr.

Fela skal Framkvæmdastofnun ríkisins að annast vörslu, umsjón og endurskoðun landflutningasjóðs samkvæmt sérstökum samningi þar um.

4. gr.

Tekjur landflutningasjóðs eru þessar:

1. 1% gjald er innheimtist af starfsemi þeirra aðila sem eiga og reka bifreiðar til skipulagsbundinna vöruflutninga um landið, enda séu þeir fullgildir meðlimir í Landvara.

   Gjald þetta skal lagt á af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins.

   Gjalddagi skal vera 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.
2. Framlög úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins að frádregnum kostnaði við rekstur hans.

Landflutningasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán til starfsemi sinnar.

5. gr.

Lán úr landflutningasjóði skulu veitt til kaupa á vöruflutningabifreiðum til skipulagsbundinna vöruflutninga á langleiðum, enda sé um nýjar bifreiðar að ræða. Einnig má veita lán úr sjóðnum til nauðsynlegra bygginga, sem beinlínis eru tengdar þessari flutningastarfsemi.

Rétt til lána úr sjóðnum eiga þeir aðilar, sem greiða gjald til sjóðsins skv. 4. gr. 1. tl.

Upphæð lána má nema allt að helmingi kaupverðs bifreiða, og lán til bygginga mega nema allt að einum þriðja hluta af kostnaðarverði eða matsverði, hvort heldur sem lægra er. Lán má veita úr stofnlánasjóðnum gegn öruggu veði í þeim bifreiðum eða byggingum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi fylgifé og réttindum, svo og vátryggingarverði þeirra. Hámarkslánstími skal vera fimm ár til kaupa á bifreiðum og tíu ár til byggingarframkvæmda.

Vextir og verðtrygging eða gengistrygging lána úr landflutningasjóði ákveðast með hliðsjón af kjörum þess fjár, er sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma. Lánskjör eru háð ákvörðun ríkisstjórnarinnar skv. 11. gr. laga nr. 13/1975.

6. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er landflutningasjóði, hvort heldur bifreið eða fasteign, er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðnum eigendaskipti þegar í stað.

7. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett landflutningasjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

8. gr.

Landflutningasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana með sama hætti og ríkisbankar.

9. gr.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi landflutningasjóðs og framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1979.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ragnar Arnalds.

Nr. 63. 31. maí 1979.

LÖG

um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal ekki háður leyfum, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, svo og reglugerðum eða auglýsingum, sem ríkisstjórnin setur samkvæmt heimild í lögum þessum, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Fjármagnsgreiðslur svo og þjónustugreiðslur til annarra landa skulu háðar reglum, sem ráðuneytið setur í reglugerð.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, er nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Að svo miklu leyti, sem vöruinnflutningur er háður innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, annast viðskiptaráðuneytið útgáfu þeirra. Sama gildir um útgáfu annarra gjaldeyrisleyfa.

Seðlabankinn skal vera til ráðuneytis um framkvæmd þessara mála, og getur ráðuneytið falið honum ákvörðunarvald um einstaka þætti þeirra. Ráðuneytið getur og falið gjaldeyrisbönkunum framkvæmd úthlutunar leyfa og önnur störf í því sambandi.

Heimilt er og að setja á fót sérstaka samstarfsnefnd ráðuneytis, gjaldeyrisviðskiptabanka og Seðlabanka til þess að fjalla um þau mál, sem um getur í þessari grein, svo og önnur mál eftir því sem ráðuneytið telur ástæðu til.